



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til um breytingu og lögum um aðför, nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, ásamt síðari breytingum (stafræn málsmeðferð) DMR22080193
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Dómsmálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	17. febrúar 2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Lög um aðför, nr. 90/1989, og lög um nauðungarsölu, nr. 91/1991, tóku gildi 1. júlí 1992 og hefur málsmeðferð á grundvelli þeirra haldist nær óbreytt sl. 30 ár. Málsmeðferðin á grundvelli fullnustulöggjafar einkennist að miklu leyti af formákvörðunum, þar sem meðferð fullnustubeiðna er aðallega háð því að formaskilyrðum laganna sé fullnægt. Við rekstur mála hafa athugasemdir og mótbárur gerðarþola um rétt gerðarbeiðanda til fullnustu sjaldnast áhrif á meðferð málsins. Þá mæta gerðarþolar sjaldan til sýslumanns þegar mál þeirra er tekið fyrir. Tímabært þykir að hefja stafræna málsmeðferð fullnustumála sem lúta að innheimtu fjárfkra. Í því felst að takmarka málsmeðferð með pappírsferlum og draga úr margskráningu upplýsinga, kostnaðarsömum birtingum og fyrirtökum. Dómsmálaráðuneytið hefur unnið að því markmiði að innleiða stafrænar lausnir hjá embættum sýslumanna og dómstólum og hafa umbótaverkefni verið í undirbúningi og innleiðingu undanfarin misseri, s.s. verkefni um rafrænar þinglýsingar, um réttarvörslugátt o.fl.

Tímabundin bráðabirgðarákvæði sem heimila rafræna málsmeðferð voru sett m.a. í aðfararlög og nauðungarsölulög vegna samkomubanns og fjarlægðartakmarkana vegna kórónuveirunnar (SARS CoV-2) sem veldur Covid-10 sjúkdómnum, með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að heimila framlengingu fresta og rafræna meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl., nr. 32/2020. Með hliðsjón af þeim ákvæðum og framþróun á ýmsum réttarsviðum, sbr. lög um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, nr. 105/2021, er áformað að bæta ákvæðum í aðfararlög og nauðungarsölulög sem heimila stafræna málsmeðferð án þess þó að það kalli á heildarendurskoðun laganna.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að lögfesta heimild til stafrænnar málsmeðferðar í fjárnámsmálum og nauðungarsölumálum.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Sjá athugasemdir fyrir ofan.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í stefnu ríkisstjórnar 2017-2018 var mörkuð sú leið að stafræn þjónusta yrði á árinu 2020 orðin meginleið samskipta á milli hins opinbera og almennings. Áherslur í stefnu stjórnvalda um stafræna þjónustu hins opinbera (Stafrænt Ísland) frá 2021, eru m.a. þær að hið opinbera nýti lausnir á borð við rafrænar undirritanir, fjarfundatækni og aðrar framleiðniaukandi lausnir til að bæta vinnuumhverfi og veita betri þjónustu, og að upplýsingatækni verði hagað á öruggan, skilvirkan og hagkvæman hátt í gegnum trausta innviði sem mæta bæði kröfum

almennings til grunnþjónustu stofnana og stuðlar að auknum sveigjanleika opinberrar þjónustu. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Markmið er að tryggja lagalegan grundvöll stafrænnar málsmeðferðar í málum er varða innheimtu fjárfkra, þ.e. fjárnámsmálum og nauðungarsölumálum, sem koma til meðferðar hjá dómstólum og sýslumannsembættum. Í því felst að veita sýslumönnum og dómstólum heimild í lögum til stafrænnar málsmeðferðar og gera mögulegt að sleppa óþarfa fyrirtökum í þessum málum. Þá er lögð áhersla að bæta fræðslu og leiðbeiningar til málsaðila m.a. með því að auka gagnsæi málsmeðferðarinnar.
C. Leiðir
1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Sjá kafla A og B 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Setning lagaheimildar er forsenda stafrænnar málsmeðferðar, ella verður málsmeðferð áfram háð pappírferlum og formlegum fyrirtökum þar sem gert er ráð fyrir mætingu málsaðila eða umboðsmanna þeirra. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Annars vegar sú leið sem hér er lögð til og hins vegar að ráðast í heildarendurskoðun laga fullnustulöggjafarinnar, sem líklega væri 2-3ja ára verkefni.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Áformað er að bæta heimild í aðfararlög og nauðungarsölulög til stafrænnar málsmeðferðar í fjárnámsmálum og nauðungarsölumálum og möguleika á einföldun málsmeðferðar, en flest fullnustumál lúta að innheimtu fjárfkra. Fyrirhugað er að fara svokallaða jafngildisleið sem felur í sér að sömu kröfur eru gerðar til meðferðar máls óháð því hvort hún fer fram með gamla laginu eða stafrænt. Hér er verið að stíga mikilvægt skref til framþróunar með því að bæta heimild í lög til stafrænnar málsmeðferðar en halda inni ákvæðum um gildandi ferli. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott Eins og áður greinir verður bætt við heimildarákvæðum, sem verða nánast samhljóða í lög um aðför og lög um nauðungarsölu.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Taka þarf tillit til laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Sýslumannaráð, Dómstólasýslan, lögmenn, fjármálastofnanir, umboðsmaður skuldara, hagsmunasamtök heimilanna. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Fjármálaráðuneytið vegna innheimtu opinberra krafna 3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Tvær vinnustofur hafa verið haldnar þar sem farið var í greiningar á núverandi málsmeðferðarferlum og mögulegum stafrænum málsmeðferðarferlum með þátttöku fulltrúa frá dómstólum, sýslumannsembættum, Lögmannafélagi Íslands, Skattinum og Umboðsmanni skuldara. Þessar greiningar leggja grundvöll að lagabreytingum.

4. Fyrirhugað samráð

Frumvarpið verður unnið í samráði við téða aðila í 3.tl. F liðs. Þá er fyrirhugað að leita almenns samráðs í samráðsgátt stjórnvalda.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Lagabreytingin sem stefnt er að mun hafa áhrif á gerðarbeiðendur, sem eru til að mynda fjármálaþyriræki, lífeyrissjóðir, Fjársýslan og Skatturinn auk lögmanna sem starfa í umboði gerðabeiðenda. Tími og vinna sparast ef fullnustubeiðni er send rafrænt og miðað er að því að fyrirtökum fækki sem leiðir til þess að bílferðir verða færri og minni tími fer í ferðir og mætingar hjá sýslumönnum. Ábati stafrænnar málsmeðferðar lækkar málskostnað gerðarþola, sem eru einstaklingar og fyrirtæki.

Stofnkostnaður felst í að aðlaga útfærslu Réttarvörslugáttarinnar að fjárnáms- og nauðungarsölumálum og koma á tengingum við starfakerfi sýslumanna, en tengingar við dómstólana eru þegar fyrir hendi. Þá þarf að koma á tengingu Réttarvörslugáttarinnar við miðlægt pósthólf í miðlægri þjónustugátt Island.is og nýtist sú tenging bæði fyrir sakamál og fjárnáms- og nauðungarsölumál. Gert er ráð fyrir að mögulegur kostnaður rúmist innan útgjaldaramma viðkomandi málefna sviðs. Til lengri tíma litið verður tímasparnaður hjá starfsmönnum sýslumannsembætta og dómstóla, sem ræðst af því í hversu miklu mæli heimildin til stafrænnar málsmeðferðar verður nýtt, en nógildandi málsmeðferð verður áfram fyrir hendi í lögum.

Frumvarpið felur í sér samfélagslegan ávinning þar sem meðferð fullnustumála verður skilvirkari, það dregur úr vinnuálagi aðallega hjá sýslumannsembættum en einnig hjá dómstólum m.a. með því að komist verður hjá margskráningum, umfang pappírsskjala minnkar og fyrirtökum fækkar. Frumvarpið mun því hafa jákvæð áhrif á umferð, kolefnislosun og tímanotkun málsaðila og umboðsmanna þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhags sveitarfélaganna. Talið er að frumvarpið kunni með tímanum að hafa mismunandi áhrif á stöðu kynjanna þar sem það kann að draga úr verkefnum skrifstofufólks varðandi margskráningar, bréfaskipti og utanumhald pappírsgagna í fjárnáms- og nauðungarsölumálum. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum mun í ársbyrjun 2021 fjöldi starfsmanna sýslumannsembætta hafa verið um 225. Hlutfallsskipting skrifstofufólks var 11% karlar og 89% konur, meðan skiptingin var hjá háskólamenntuðum var 55% karlar og 45% konur. Af áformum um lagasetningu kann að leiða að stafræn málsmeðferð og þróun kalli frekar á háskólamenntun og mun því hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna aukast. Þau áhrif kunna að verða með tímanum að kynjahlutfall hjá sýslumannsembættum verði jafnara en nú er, en hlutfallsskipting allra starfsmanna var á árinu 2022 18% karlar á móti 82% konum.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já, verkefnisáætlunin liggur fyrir, sem uppfærast reglulega í samræmi við hvernig undirbúningi málsins miðar áfram.

2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Undirbúa þarf vefgáttarviðmót sem verður samskiptavettvangur málsaðila, dómstóla og sýslumannsembætta. Koma þarf á tengingum vefgáttarinnar og starfakerfa sýslumanna og

dómstóla sem og stafræns miðlægs pósthólfs hjá Island.is. Gera þarf ráð fyrir 6 – 12 mánaða undirbúningstíma frá samþykkt laganna og fram að gildistöku.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Á ekki við.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Samanburður á kostnaðarútreikningi málsmeðferðarferils fyrir og eftir breytingu mun gefa upplýsingar um arðsemi lagabreytinganna. Jafnframt væri áhugavert að greina hversu stórt hlutfall mála fari í stafræna málsmeðferð á fyrstu misserum eftir gildistöku lagabreytinganna.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Ráðuneytið mun afla upplýsinga frá dómstólum og sýslumannsembættum um framkvæmd og skilvirkni breytinganna.

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum